
Sambandsþing Landssambands ungmennafélaga (LUF) 29. febrúar 2020
Hinu húsinu, Rafstöðvarvegi 7, kl. 13:00-16:00

1. Þingsetning og kosning þingforseta

- Una Hildardóttir formaður LUF setur þingið kl. 13:14 og tilnefnir Sigurð Sigurðsson, fyrrverandi formann LUF til þingforseta. Samþykkt með lófaklappi.

2. Kosning þingritara og kjörbréfanefndar

- Til þingritara leggur stjórn til Heiðu Vigdísi Sigfúsdóttur, verkefnastjóra LUF og er það samþykkt.
- Til kjörbréfanefndar leggur stjórn til Sigurð Helga Birgisson, starfandi framkvæmdastjóra LUF, Söru Þöll Finnbogadóttur alþjóðafulltrúa LUF og óskar eftir einum til viðbótar af þingfulltrúum. Ingi Hrafn Pálsson frá URKÍ býður sig fram. Samþykkt með lófaklappi.

3. Inntaka nýrra aðildarféлага

- Sigurður Helgi Birgisson framkvæmdastjóri LUF gerir grein fyrir ályktun stjórnar um umsókn Ungmennaráðs UNICEF um fulla aðild að LUF.
- Jökull Ingi oddviti Ungmennaráðs UNICEF kynnir félagið fyrir þinginu.
- Umræða og kosning.
- Samþykkt með lófaklappi, Ungmennaráð fær fulla aðild.
- Sigurður Helgi Birgisson framkvæmdastjóri LUF gerir grein fyrir ályktun stjórnar um umsókn Ungmennaráðs Þroskahjálpar um áheyrnaraðild að LUF.
- Starfsmaður Ungmennaráðs Þroskahjálpar, Anna Lára Steindal kynnir ráðið og fulltrúi ráðsins ávarpar þingið.
- Umræða og kosning.
- Samþykkt með lófaklappi.

4. Skýrsla stjórnar lögð fram til umræðu

- Una Hildardóttir formaður LUF kynnir helstu verkefni sem unnin voru á starfsárinu.
- Sara Þöll Finnbogadóttir alþjóðafulltrúi LUF kynnir alþjóðastarfið.
- Umræða.

5. Ársreikningar lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu

- Marinó Örn Ólafsson gjaldkeri LUF leggur fram ársreikning 2019 og greinir frá fjárhagsstöðu félagsins.
- Umræða og kosning. Gerð er athugasemd við að útprentuðum eintökum væri ekki dreift á þinginu. Marinó Örn bendir á að frumeintak liggi frammi sem

öllum er frjálst að skoða og ársreikningurinn aðgengilegur á rafrænu formi í fundargögnum.

- Kosið um ársreikninginn og hann samþykktur með 26 atkvæðum, tveir sátu hjá.

6. Tillaga að framkvæmdaáætlun lögð fram til umræðu

- Una Hildardóttir formaður LUF kynnir tillögu fráfarandi stjórnar að framkvæmdaáætlun.
- Umræður og spurningar.

7. Árgjald

- Marinó Örn Ólafsson gjaldkeri LUF leggur fram tillögu að óbreyttu árgjaldi, 5.000 krónur.
- Kosning. Samþykkt einróma, 28 atkvæði.

8. Tillögur og ályktanir teknar til umræðu og atkvæðagreiðslu

8.1. Verklagsreglur Alþjóðanefndar

- Sara Þöll Finnbogadóttir alþjóðafulltrúi LUF kynnir tillögu fulltrúaráðs að breyttum Verklagsreglum Alþjóðanefndar.
- Kosning. Samþykkt einróma, 28 atkvæði.

9. Lagabreytingatillögur

- Geir Finnsson varaformaður LUF kynnir tillögur stjórnar að breytingum á lögum félagsins.
- 1. tillaga. Tilvísun í 15. gr. til annarra ákvæða laganna eru uppfærð í samræmi við breytt númer greina. Ekki er um efnislega breytingu að ræða heldur aðeins uppfært til að gæta innra samræmis.
- Tillaga 1 samþykkt einróma, 28 atkvæði.
- 2. tillaga. Fulltrúaráði LUF breytt í Leiðtogarád LUF þar sem formenn aðildarfélaga eiga fast sæti. Starri Reynisson, fulltrúi UE spyr hvort leyfilegt sé að mæta fyrir tvö félög ef einn aðili fer með formennsku í tveimur aðildarfélögum. JCI, tekur undir. Tinna Isebarn, framkvæmdastjóri LUF í orlofi, segir lög LUF ekki heimila slíkt. Dagbjartur Gunnar Lúðvíksson, fulltrúi Uppreisnar leggur fram breytingatillögu til að taka af vafa um að formanni sé heimilt að boða staðgengil á fund leiðtogaráðs þó hann komist á fundinn og mæti ef til vill fyrir eitt félag. Stjórn ræðir tillöguna og ákveður að gera hana að sinni.
- Kosið er um breytingatillöguna og er hún samþykkt með 24 atkvæðum, eitt atkvæði á móti, þrír sátu hjá.
- Kosið er um 2. tillögu með ofangreindri breytingu. Er hún samþykkt með 24 atkvæðum, eitt á móti, þrír sátu hjá.

- 3. tillaga, lögð fram af stjórn. Orðalagsbreyting á titlum stjórnarmanna. Formaður verður forseti, samræmi við enska titla. Ásamt því að vísað verður til oddvita í stað formanna aðildarfélaga. SUF gerir athugasemd þar sem í 2. tillögu voru notaðir titlarnir formenn og varaformenn. SHB tekur fram að tillagan gangi út á að breyta orðalagi alls staðar þar sem talað er um formann eða varaformann og breytist þá í forseta, varaforseta eða oddvita aðildarfélags.
 - 26 samþykkja, tveir sitja hjá, enginn á móti
 - 4. Tillgaga: Bætt er inn á dagskrá sambandsþings kjöri Ungmennafulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum. Er þetta lagt til í samræmi við nýtt hlutverk LUF við skipun ungmennafulltrúa á viðburði Sameinuðu þjóðanna. Nánari reglur um fjölda fulltrúa og starfssvið hvers og eins er að finna í nýsamþykktum Vinnureglum Alþjóðanefndar LUF.
 - Samþykkt einróma, 28 atkvæði.
 - Umræða, fulltrúi Uppreisnar bendir á að engin sérstök umræða var um 22. gr. innan 3. tillögu en greinin er ný. SHB skýrir frá greininni en í henni eru lögfestir samráðsfundir Leiðtogaráðs þar sem heimilt er að boða gesti á fundi með Leiðtogaráði og áheyrnaraðildarfélög fá kosningarétt. Slíkir fundir falla ekki innan lögbundinna funda Leiðtogaráðs og er aðeins um heimild að ræða. UH útskýrir að mikilvægi sé að öll aðildarfélög hafi atkvæðisrétt um málefni þegar um sérstakt samráð við stjórnvöld er að ræða.
 - Kosið er aftur um 3. tillögu þar sem 22. gr. var ekki kynnt sérstaklega. Samþykkt einróma, 28 atkvæði.
 - Kosið er um lögin í heild sinni með samþykktum lagabreytingatillögum. Samþykkt einróma, 28 atkvæði.
- 10. Tilkynningar um framboð til formanns, varaformanns, gjaldkera, alþjóðafulltrúa, tveggja meðstjórnenda, tveggja varamanna og Ungmennafulltrúa hjá SP á sviði sjálfbærrar þróunar rennur út.**
- Lokað fyrir framboð kl. 15:23
- 11. Kynning á fulltrúum í fulltrúaráði.**
- Una Hildardóttir kynnir fulltrúa í fulltrúaráði, sem nú hefur breyst í leiðtogaráð, fyrir starfsárið 2020-2021.
 - Leggur til að félög sendi upplýsingar um formenn félaga þar sem leiðtogaráð er nú skipað oddvitum aðildarfélaganna.

12. Kosning formanns, varaformanns, gjaldkera, ritara, alþjóðafulltrúa, tveggja meðstjórnenda og tveggja varamanna

- Þingforseti leggur til að kosið sé með lófaklappi í þau embætti þar sem einn er í framboði.
- Í framboði til forseta er Una Hildardóttir fulltrúi Ungra Vinstri grænna (UVG) Flytur ræðu. Kjörin forseti með lófaklappi.
- Í framboði til varaforseta er Geir Finnsson fulltrúi Uppreisnar - Ungliðahreyfingu Viðreisnar. Flytur ræðu. Kjörinn með lófaklappi.
- Í framboði til gjaldkera er Ásdís Nína Magnúsdóttir fulltrúi Ungra umhverfissinna (UU). Flytur ræðu. Kjörin gjaldkeri með lófaklappi.
- Í framboði til ritara er Rut Einarsdóttir, SÍNE. Rut sem er stödd í Englandi og sendir ræðu sem er varpað upp á skjávarpa. Kjörin ritari með lófaklappi.
- Í framboði til alþjóðafulltrúa er Sara Þöll Finnbogadóttir fulltrúi Sambands íslenskra framhaldsskólanema. Flytur ræðu. Kjörin alþjóðafulltrúi með lófaklappi.
- Í framboði til meðstjórnanda eru:
 - Tanja Teresa Leifsdóttir fulltrúi Ungra athafnakvenna (UAK). Hún er stödd í Frakklandi og sendi því myndband. Einnig flytur Karen Björk Eyþórsdóttir, fulltrúi UAK, ræðu fyrir Tönju.
 - Steinunn Ása Sigurðardóttir fulltrúi Ungmennahreyfingar Rauða kross Íslands (URKÍ). Hún er stödd á Flateyri og sendi því myndband.
 - Alexandra Ýr van Erven fulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ). Flytur ræðu.
 - Kosið er leynilegri kosningu.
 - Sigurður Helgi Birgisson, formaður kjörbréfanefndar, tilkynnir úrslit. Alls greiddu 29 atkvæði og kjör hlutu Steinunn Ása Sigurðardóttir, URKÍ, og Tanja Teresa Leifsdóttir, UAK.
- Í framboði til varamanna eru:
 - Viktor Ingi Lorange, UNF, flytur ræðu.
 - Hreiðar Már Árnason fulltrúi Samfés, SHB kynnir Hreiðar Má.
 - Kjörnir með lófaklappi.

13. Kosning ungmennafulltrúa Íslands hjá SP á sviði sjálfbærrar þróunar

Þingforseti tilkynnir að hver frambjóðandi fái 4 mín. til að kynna sig í pontu.

Í framboði eru:

- Stefanía Reynisdóttir fulltrúi Uppreisnar Flytur ræðu
- Karen Björk Eyþórsdóttir fulltrúi Ungra athafnakvenna (UAK), flytur ræðu.
- Tinna Hallgrímsdóttir fulltrúi Ungra umhverfissinna (UU), flytur ræðu.

- Ársól Clara Arnardóttir fulltrúi CISV/JB á Íslandi, fulltrúi CISV flytur ræðu fyrir hönd Ársólar.
- Gengið til atkvæða. SHB, formaður kjörbréfanefndar, tilkynnir úrslit. Enginn hlaut meirihluta atkvæða svo kjósa þarf aftur milli tveggja efstu frambjóðenda í fyrri umferð. Kosning í annarri umferð er á milli Karenar Bjarkar Eyþórsdóttur, UAK, og Tinnu Hallgrímsdóttur, UU sem hlutu flest atkvæði.
- Gengið til atkvæða. SHB, formaður kjörbréfanefndar, tilkynnir úrslit. Tinna Hallgrímsdóttir, UU, réttkjörin ungmennafulltrúi hjá SP á sviði sjálfbærrar þróunar. Karen Björk Eyþórsdóttir, UAK, er því varafulltrúi.

14. Kosning skoðunarmanna reikninga

- Stjórn leggur til að Marinó, fráfarandi gjaldkeri verði kosinn skoðunarmaður reikninga.
- Stjórn óskar eftir einum skoðunarmanni úr röðum þingfulltrúa. Tveir bjóða sig fram og þingforseti leggur til framboðsræður og kosningu. Auk þess býður AUS fram aðila, en dregur það til baka.
- Framboðsræður: Marinó Örn Ólafsson, fráfarandi gjaldkeri LUF, Tamar Þormarsdóttir, Uppreisn og Daði Geir Samúelsson, SUF.
- Gengið til leynilegra kosninga. SHB, formaður kjörbréfanefndar, kynnir úrslit. Marinó Örn Ólafsson og Tamar Þormarsdóttir hljóta kjör skoðunarmanna reikninga.

15. Önnur mál

- Guðlaug fulltrúi, JCI, kynnir ráðstefnu og málsstofu sem haldin verður í haust en JCI leitar að samstarfssamtökum, um stöðu ungs fólks 2050.
- Kjartan Hansson, JCI, óskar eftir því að SHB útskýri raunverulega eigendur hjá félagasamtökum. SHB útskýrir fyrirkomulag skattsins.
- Þingforseti felur nýkjörnum/endumkjörnum forseta að slíta þingi.
- UH slítur þingi klukkan 17:05

Þinggerð rituð af Heiðu Vigdísí Sigfúsdóttur.